

Fimmtudaginn 6. maí 1993.

Nr. 110/1993. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Sveinbirni Hrafnssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Ákæra. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. febrúar 1993, en ákærði hafði óskað áfrýjunar um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga. Ákærði krefst þess aðallega, að ákæru málsins verði vísað frá héraðsdómi og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjaness verði ómerkt og hinn áfrýjaði dómur úr gildi felldur. Til vara krefst ákærði sýknu af öllum kröfum ákærvalds og til þrautavara vægustu refsingar, er lög heimila, og verði hún höfð skilorðsbundin.

Í ákæru í máli þessu kemur hvorki fram, hvar né hvenær brot þau, sem ákærða eru gefin að sök, voru framin. Er það í brýnni andstöðu við c-lið 1. mgr. 116. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Verknáðarlýsing ákæru er afar óljós. Þar er ákært fyrir „að selja allt að 180 lítra af áfengi á kr. 1.500 ... og allt að 100 lítra á kr. 1.600 ...“ Ekki kemur fram, við hvað tilgreining söluverðs er miðuð eða um hvers konar áfengi var að ræða, og aðeins er kveðið á um hámark áfengismagnsins, en ekki lágmark þess. Var ákæran alls ekki tæk til efnismeðferðar, og mátti héraðsdómari ekki gefa út fyrirkall samkvæmt 120. gr. laga nr. 19/1991, heldur bar honum að vísa málinu ex officio frá dómi, sbr. 3. mgr. 119. gr. sömu laga. Samkvæmt framansögðu ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og alla málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað ber að greiða úr ríkissjóði, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 12. febrúar 1993.

Ár 1993, föstudaginn 12. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Auðbrekku 10, Kópavogi, af Benedikt Bogasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í máli nr. S-17/1983: Ákærvaldið gegn Sveinbirni Hrafnsyni, sem tekið var til dóms 4. febrúar sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, út gefnu 21. janúar 1993, af sýslumanninum í Kópavogi gegn ákærða, Sveinbirni Hrafnsyni trésmið, kt. 190364-2839, Víðihvammi 10, Kópavogi, „fyrir að selja allt að 180 lítra af áfengi á 1.500 kr. til Alberts Jónssonar og allt að 100 lítra á allt að 1.600 kr. til annarra. Áfengið keypti ákærði af ókunnum manni á 1.000 kr. hvern lítra.

Telst þetta varða við 18. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978 um breyting á þeim.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upptöku á þremur lítrum áfengis, sem lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins, skv. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940“.

Ákærði hefur skýlaust jatað að hafa framið þann verknað, er í ákæru greinir. Tekin voru sýni af áfengi því, sem lögreglan í Kópavogi lagði hald á, og send til rannsóknar. Í niðurstöðum Rannsóknastofu í lyfjafræði kemur fram, að magn etanóls í áfenginu sé 35-36% og það af þeirri gerð, sem yfirleitt nefnist „landi“. Er því sannað, að ákærði hefur framið það brot, sem honum er gefið að sök og réttilega er fært til refsilaga í ákæru.

Við ákvörðun viðurlaga ber að hafa hliðsjón af 2. mgr. 34. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978. Þykir refsing ákærða, sem hefur ekki áður sætt refsiviðurlögum, svo að kunnugt sé, hæfilega ákveðin 360.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi fjögurra mánaða varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Þá ber að fallast á þá kröfu ákærvaldsins, að ákærða verði gert að

þola upptöku á þremur lítrum af áfengi, sem lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins, með vísan til 8. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sveinbjörn Hrafnsson, greiði sekt, 360.000 kr., til ríkissjóðs, og komi fjögurra mánaða varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins.

Ákærði sæti upptöku á þremur lítrum af áfengi, sem lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins,

Ákærði greiði allan sakarkostnað.
